

**30. fundur Markaðs- og menningarnefndar Fjallabyggðar
haldinn í Tjarnarborg Aðalgötu 13 Ólafsfirði
miðvikudaginn 15. febrúar 2017 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Logi Ásgeirsson, formaður, D lista
Ægir Bergsson, varaformaður, S lista
Guðrún Linda Rafnsdóttir, aðalmaður, S lista
Kristinn Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi, F lista
Lisebet Hauksdóttir, varamaður, D lista
Róbert Grétar Gunnarsson, deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála
Linda Lea Bogadóttir, markaðs- og menningarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Róbert Grétar Gunnarsson, Deildarstjóri fræðslu, frístunda og menningarmála.

Helga Jónsdóttir boðaði forföll og enginn mætti í staðinn fyrir hana. Hanna Sigríður Ásgeirsdóttir boðaði forföll og Lisbet Hauksdóttir varamaður kom í hennar stað. Sæbjörg Ágústsdóttir boðaði ekki forföll og enginn kom í hennar stað.

Fyrir var tekið:

1. 1701043 - Ráðstefna um ferðamál

Linda Lea Bogadóttir gerði grein fyrir undirbúningi að ráðstefnu þann 9.mars n.k. Ákveðið hefur verið að halda ráðstefnuna í Menningarhúsinu Tjarnarborg. Lagt er til að bjóða ferðapjónustuaðilum bæði austan og vestan við okkur. Markmið ráðstefnunnar er bæði að kynna svæðið og hvernig best er að standa að uppbyggingu Fjallabyggðar sem ferðamannastaðar. Hver eru sóknarfærin?

2. 1501100 - Norræna strandmenningarhátíðin 2018

Róbert Grétar Gunnarsson kynnti Norrænu Strandmenningarhátíðina sem verður haldin 2018. Næstu skref varðandi þessa hátíð er fyrsti fundur undirbúningsnefndar hátíðarinnar um komandi helgi. Lagt til að þessi hátíð verði hluti af 100 ára afmælishátíð Siglufjarðar.

3. 1602031 - Hátíðir í Fjallabyggð

Almenn umræða um Síldarævintýrið.
Nefndarmenn voru sammála um að auglýsa eftir framkvæmdastjóra til að taka að sér samræmingu dagskrár yfir verslunarmannahátíðina með einblíningu á grunndagskrá tengdri Síldarævintýrinu, en að mestu verði farið í að einbeita sér að stærrí markhóp og þá helst fjölskyldufólki á aldrinum 30-50 ára.
Nefndarmenn voru sammála um að alls konar íþróttaprautir og viðburðir og keppnir muni henta vel til að kalla fólk til leiks og skapa nýja og ferska ásýnd bæjarfélagsins. Óskað er eftir upplýsingum hver fjárhagsrammi sveitarfélagsins er í kringum þennan árlega viðburð.
Einnig rætt um aðrar hátíðir sveitarfélagsins, svo sem Trilludaga og 17.júní.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.